

Nr. 1239

18. desember 2008

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Leirár- og Melahrepps 2002-2014, efnistökusvæði - Höfn II, Hvalfjarðarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. desember 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Leirár- og Melahrepps 2002-2014 frá 15. ágúst 2007.

Breytingin felst í því að nýtt efnistökusvæði í landi Hafnar II (E6) færist til suðvesturs frá núverandi efnistökusvæði. Svæðið verður 1,87 ha að stærð og var áður skilgreint sem landbúnaðarsvæði en ekki nýtt sem slíkt. Áætlað magn efnistöku á svæðinu er 40.000-50.000 m³. Umrætt landbúnaðarsvæði er á náttúruminjaskrá.

Samkvæmt fyrirriggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. desember 2008.

Pórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2009